

þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

11. gr.

Í stað fjögurra fyrstu málsl. 17. gr. laganna komi:

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.

12. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánnum (verðtryggðum).

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði 2. gr. taka gildi 1. janúar 1981 og ákvæði 3. gr., 7. mgr. 6. gr. og 7. gr. taka gildi 1. október 1980. Ákvæði 6. mgr. 6. gr. taki gildi 1. ágúst 1980.

Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um meinatækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá meina-tæknadeild Tækniskóla Íslands.

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað.

Áður en leyfið er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands.

3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggja umsögn Meinatæknafélags Íslands. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Meinatækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

6. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

7. gr.

Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um meinatækna gilda, að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur lækna-laga nr. 80 23. júní 1968 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurfengi starfsréttinda, og um refsingu vegna brota meinatækna.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.